



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Regína Ásvaldsdóttir  
Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 24. apríl 2024  
Málsnr. 2312005

**Efni: Breytingar á sameiginlegum reglum um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og um breytingar á gjaldskrá þjónustunnar.**

Á 576. fundi stjórnar SSH, hinn 8. apríl 2024, var framangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

***Aktursþjónusta fatlaðs fólks***

*Framhald umræðu frá 575. fundi. Fyrirliggjandi eru tillögur stjórnar akstursþjónustunnar Pant um breytingar á reglum um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og um breytingar á gjaldskrá þjónustunnar. Farið er fram á að tillögurnar verði sendar hlutaðeigandi sveitarfélögum til efnislegar afgreiðslu. Sigurbjörg Fjölnisdóttir kynnir.*

***Niðurstaða fundar:***

*Drög að breyttum reglum og nýjum gjaldskráum verði send þeim sveitarfélögum sem eru aðilar að Pant, þ.e. Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi til efnislegar umræðu og afgreiðslu. Jafnframt verði tillagðar breytingar kynntar fyrir hagsmunasamtökum notenda.*

**Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélagsins:**

Meðfylgjandi eru tillögur að breytingum á sameiginlegum reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 og tillögur að uppfærðri gjaldskrá aktursþjónustu fatlaðs fólks. Óskað er eftir því að þær verði teknar til efnislegrar umræðu og afgreiðslu og staðfestingar. Jafnframt er farið fram á ótakmarkað umboð framkvæmdastjóra til undirritunar nýrrar útgáfu sameiginlegra reglna um akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu að teknu tilliti til tillagðra breytinga og nýrrar gjaldskrár.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is). Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

1. Minnisblað lögfræðings SSH um breytingartillögur Pant dags. 24.04.2024.
2. Tillögur Pant til stjórnar SSH vegna gjaldskrár akstursþjónustu fatlaðs fólks.
3. Tillögur Pant að breytingum á sameiginlegum reglum um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.